

# Námskrá fyrir 1. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í  
*Aðalnámskrá grunnskóla 2011*

## Íslenska

### Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim
- læri alla stafi stafrófsins, þ.e. heiti þeirra og hljóð
- kynnist rími og hrynjanda
- þekki hugtök sem tengjast lestri s.s. orð, setning og atkvæði
- vinni fjölbreytt verkefni sem örva lestur og stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- lesi bækur við hæfi
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og tala skýrt og áheyrilega
- segi frá eigin reynslu frammi fyrir áheyrendum
- læri ýmsa söngva og þulur
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi
- skrái sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- fái tækifæri til að taka þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.

### Áherslur í kennslu

Í 1. bekk er mikilvægt að nemendur nái tókum á undirstöðuatriðum í lestri. Til þess að ná þeim markmiðum kynnast þeir bókstöfum, hljóðum þeirra, grundvallarhugtökum málsins og uppbyggingu þess á fjölbreyttan hátt. Kennt er samkvæmt aðferðum byrjendalæsis sem einkum byggist á para- og hópavinnu. Lögð er áhersla á að auka almenna lestrarfærni, styrkja hljóðkerfisvitund og fylgjast með að lestrarferli þróist eðlilega. Fylgst er með leshraða, lestraröryggi og lesskilningi.

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna að hausti og gerir foreldrum grein fyrir fyrirhugaðri framvindu lestrarnámsins.

### Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna, hlusti á barnið lesa, lesi fyrir barnið og ræði innihald textans, vinni með barninu að minnsta kosti 15 mínútur á dag og að efnið miðist við getu og þroska hvers og eins.

### Námsmat

#### Stafapekking

Stafakunnátta könnuð reglulega bæði munnlega og hljóðrænt allan veturinn.

## **Læsi**

Umsjónarkennari ásamt deildarstjóra/sérkennara leggja Læsi - skimun fyrir alla nemendur árgangsins, 1. hefti í nóvember, 2. hefti í febrúar og 3. hefti í maí. Almenn viðmið um viðeigandi árangur er 61% og þar yfir. Þeir nemendur sem eru undir þeim árangri fá öflugt leiðsagnarmat og kennslu, ekki síst þeir sem eru undir 30% árangri.

## **Raddlestrarpróf**

Þeir nemendur sem eru farnir að lesa taka raddlestrarpróf að vori. Almennt viðmið 30 – 80 atkvæði á mínútu og innan við 5% villur.

## **Lestur**

### **Markmið**

Að nemendur

- þjálfu undirstöðuatriði lestrar
- efli lestrarfærni sína
- auki orðaforða og efli lesskilning.

### **Efnispættir**

- Tjáning
- hlustun
- rím
- hrynjandi
- setningar
- orð
- sögulestur
- söngur
- stafir
- upplestur
- hljóðlestur
- hljóðgreining
- stöfun
- skrift.

### **Námsefni**

*Byrjendalæsi*

### **Leiðir**

Markviss málörvun felur í sér tjáningu, hlustun, rím, hrynjandi, setningar og orð. Lesnar eru sögur og sungið. Stafainnlögn, einn til tveir stafir á viku. Nemendur lesa bæði upphátt og í hljóði í skólanum og heima. Mikil áhersla lögð á þjálfunarþáttinn. Nemendur hljóðgreina og stafa orð, skrifa orð, stafi og setningar. Áhersla er lögð á

hlustun og tjáningu. Nemendur lesa fyrir kennara, einnig lesa þeir frjálst eftir því sem geta þeirra leyfir.

Í gegnum leik er áhugi nemendanna á málinu vakinn um leið og leikþörf þeirra er mætt. Með umræðum í heimakrók æfast nemendur í að tjá sig og hlusta á aðra. Nemendur hlusta á sögur og ljóð sem kennarinn les eða efnið er flutt á annan hátt t.d. af snældu eða myndbandi. Sungið er saman og hlustað á snældur með algengum barnasöngvum.

Kennt er eftir nýrri aðferð sem nefnist *Byrjendalæsi* en það nær til allra þátta móðurmálsins, þar sem vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild.

## **Skrift/ritun**

### **Markmið**

Að nemendur

- þroski og þjálfni samhæfingu augna og handa, sjón, heyrn og snertiskyn
- læri að draga rétt til stafs og þekkja skriftaráttina
- þjálfni fínhyfingar
- læri auðvelda og læsilega skriftargerð og rétt tók á skriffærum
- þjálfist í skrift sem nýtist þeim í skólastarfinu og síðar í daglegu lífi
- fá tækifæri til að semja sögur sem þeir skrifa sjálfir eða með aðstoð.

### **Efnisþættir/leiðir**

Foræfingar og stafablöð þjálfna fín- og grófhreyfingar og skriftargerð, lestrarátt, hugtök og formskyn.

Í skrift/ritun er lögð áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs og temji sér vandaðan frágang. Nemendur semja texta við eigin myndir og skrifa sjálfir eða með aðstoð.

Skriftarkennsla fer fram samhliða stafainnlögn. Lögð er áhersla á þjálfun fínhyfinga og að nemendur dragi rétt til stafs. Þeir skrifa heima eitt til tvö stafablöð á viku þegar líður á veturinn og semja texta við eigin myndir í sögubók.

### **Námsefni**

Skriftarblöð sem kennari leggur til hverju sinni, *Byrjendalæsis*-verkefni, sögubók, tölvuforrit og fleira.

## **Stærðfræði**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- þrói með sér almennar hugmyndir stærðfræðinnar
- læri að rannsaka, framkvæma og skiptast á skoðunum um hugmyndir sínar og vangaveltur
- geti skilið og notað stærðfræði í samhengi við daglegt líf.

## Námsmat

Símat á færni nemenda. Kannanir lagðar fyrir reglulega.

## Markmið

Að nemendur

- geti lesið og skrifað náttúrlegar tölur, eftir því sem þroski þeirra leyfir
- þekki algeng stærðfræðihugtök og tákni fyrir þau s.s. meira en, minna en, jafnt og, samlagningu og frádrátt
- hafi glímt við stærðfræðileg verkefni og þrautir af ýmsu tagi.

## Efnisþættir

- Flokkun
- frádráttur
- mynstur
- mælingar
- pinnabretti
- samlagning
- sléttar tölur
- oddatölur
- speglun
- taktur
- talnagildi
- talnaröð
- talning
- tákni  $< = >$
- tugir og einingar
- tölutákn
- vasareiknar.

## Námsefni

*Sproti 1a og 1b*, ljósrituð hefti, *Viltu reyna* bækurnar, kubbar, spil, kennslupeningar, tölvuforrit og önnur kennslugögn sem tengd eru stærðfræði.

## Leiðir

Stærðfræðinámið byggist á reynslu og þekkingarheimi nemendanna. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður samt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Nemendur leysa ýmsar þrautir bæði einstaklingslega og í litlum hópum. Þeir ræða lausnir og þjálfast í að gera grein fyrir niðurstöðum sínum munnlega, skriflega og með áþreifanlegum hlutum.

# Heimilisfræði

## Markmið

Að nemendur

- viti að til eru fæðutegundir
- læri nöfn algengra fæðutegunda
- geri sér grein fyrir bæði hollum og óhollum fæðutegundum
- kynnist því hvaðan matvælin sem unnið er með koma
- fái fyrstu kynni af því hvernig bæta má umhverfið
- temji sér hreinlæti við eldhússtörf.

## Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi.

## Efnispættir

Hollar matarvenjur, tannvernd, hreinlæti, ábyrgð einstaklingsins á umhverfinu.

## Námsgögn

*Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gaman, nýtt hefti eftir Guðrúnu Marie Jónsdóttur og Steinunni Þórhallsdóttur.*

# Íþróttir

## Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér orðaforða og hugtök sem tengjast íþróttum, líkams- og heilsurækt.
- læri reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og læri að þekkja líkama sinn og umgangast hann af virðingu
- þroski ákveðna hreyfifærni
- læri að sýna öllum virðingu.

## Námsmat

Ástundun, virkni, hegðun og áhugi í tímum er metið. Hreyfiþroski er kannaður að hausti.

## Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund og fræðist um heilsusamlegt líferni
- þroski hæfileika sinn til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fái aukið sjálfstraust og viljastyrk

- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- læri að leika sér úti
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi.

## Efnispættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – frjálsar íþróttir – heilsuvernd.

## Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- bandý- og golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, vesti, spilateningar, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, hljómflutningstæki.

## Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

# Lífsleikni

## Markmið

Að

- efla félags- og tilfinningaþroska barnanna
- kenna tillitssemi og virka hlustun
- nemendur læri að setja sig í annarra spor til að minnka líkurnar á fordómum og hvetja til umburðarlyndis
- nemendur læri að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna
- nemendur læri sjálfstjórn.

## Námsmat

Fylgst með virkni og þátttöku nemenda.

## Efnispættir/Leiðir

Unnið er eftir leiðum *Uppeldi til ábyrgðar*. Umræður og samvera í heimakrók, söngur, leikir, leikrit og frásagnir. Almennar umræður og námsefni útbúið af kennara.

Lögð er áhersla á að nemendur fái þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyranda hljóði, temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra og sýni tillitssemi.

# Myndmennt

## Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði
- fái aukna möguleika á að kynnast, skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum tengdum greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- vinni í hópi að búa til sameiginlega mynd fyrir skólann sinn
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfari gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

## Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

## Efnisþættir

- Litafræði – frumlitir og andstæðir litir, heitir litir og kaldir
- málun
- ýmsar grafískar aðferðir-s.s. pappírsprykk og límþrykk
- leirmótun
- teikning
- myndbygging.

## Námsgögn

Blyantur, pappír, karton, þekjultir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld ásamt öðru sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

## Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings – eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk sem annarra.

# Náttúrufræði

## Meginmarkmið

Að nemendur

- sýni frumkvæði í að rækta eðlislæga sköpunargáfu og aðlögunarhæfni í margbreytilegum verkefnum innan og utan skóla.
- kynnist og upplifi náttúruna sem og nánasta umhverfi sitt þannig að þeirreigi þar góðar stundir og læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.

## Námsmat

Áhugi, virkni og vinnubrögð nemenda metin.

## Markmið

Að nemendur

- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost
- skoði steina og flokki eftir ólíkum eðliseiginleikum s.s. stærð, lögun, þyngd og áferð
- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi og heimabyggð
- þekki helstu lífverur í næsta nágrenni eða í heimabyggð
- þekki algengustu húsdýr á Íslandi
- kynnist algengustu fuglategundum á Íslandi
- læri um sjávarföll og skilji hugtökin flóð og fjara.

## Námsefni

*Komdu og skoðaðu umhverfið og Byrjendalæsis – námsefni.*

## Leiðir

Umræður, athuganir, tilraunir, útikennsla, vettvangsathuganir, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum. Einnig vinna þeir samvinnuverkefni með leikskólum hverfisins.

# Samfélagsfræði

## Meginmarkmið

Að

- viðhalda og auka forvitni og áhuga nemenda fyrir umhverfinu og leyfa þeim að takast á við nýjar aðstæður
- víkka sjónvildarhring og auka orðaforða, þroska málfar og skilning
- veita nemendum tækifæri til að athuga þætti sem tengjast daglegu lífi þeirra og umhverfi



## Námsmat

Áhugi, virkni og vinnubrögð nemenda metin.

## Markmið

Að nemendur

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina, og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hóp
- læri að þekkja eigin líkama, heiti og hugtök og helstu líffæri mannsins
- kynnist almennu hreinlæti og læri að bera virðingu fyrir eigin líkama sem og annarra
- hafi tilfinningu fyrir framvindu tíma s.s. árstíðum, dögum, mánuðum, árum og læri að nota dagatal.

## Efnisþættir

Verkefni tengd árstíðum, skólanum, líkamanum, húsdýrum og nánasta umhverfi.

Nemendur fræðast um ólíka siði og venjur í heiminum. Þeir fá að upplifa söguna í gegnum áþreifanlega hluti svo sem byggingar, minnismerki, sögustaði í náttúrunni og gamla muni.

## Námsefni

*Skólabókin mín, Komdu og skoðaðu líkamann* og ýmis önnur verkefni tengd viðfangsefni hverju sinni s.s tölvuforrit og efni á veraldarvefnum.

## Leiðir

Mikill hluti kennslunnar fer fram með umræðum í heimakrók. Viðfangsefni eru fjölbreytt en það reynir á hæfni barnsins til samvinnu auk þess sem ritun, fönður og munnleg tjáning eru í öndvegi.

## Sund

## Markmið

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan út frá því hvaða sundstig hver og einn er að taka . Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og rétttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnast ýmsum leikjum í vatni og læra af leik. Kennsla fer fram í innilauginni í Laugardalnum sem er 25 m laug, en yngstu nemendurnir fá minna svæði. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið.

## Námsmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í grunnhreyfingum í vatni
- aðlagist hreyfingu í vatni á jákvæðan og skemmtilegan hátt
- kynnist grunnhreyfingum sundtaka
- þjálfist í samvinnu og sýni tillitssemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

## Hæfniviðmið

- Hoppa út í laug
- flot á bringu og baki án hjálpartækja
- bringusundsfætur með hjálpartækjum
- 8 metra skriðsundsfótatök með arma fram og með/án hjálpartækja
- 2,5 metra ganga með andlit í kafi
- staðið í botni og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér, endurtekið 10 sinnum
- spyrna frá bakka og rennsli með andlit í kafi í 2,5 metra .

### Það sem metið er

- Hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

## Tónmennt

### Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að kanna hljóðheiminn, rannsaka, flokka, velja og hafa stjórn á hljóðum frá mismunandi hljóðgjöfum
- vinni markvisst með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt
- þjálfist taktskyn með púls, einföldu hrynmyndum og áherslu gegnum hreyfingu
- syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- leiki á einfalt skóla – og heimatilbúið hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- flytji einfalt tón- og hrynmyndur eftir heyrn
- hlusti á og sýni viðbrögð (t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu) við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnispátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms.

### Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

### Námsefni

*Leikum og syngjum*, sönghefti skólans, *Syngjandi skóli*, *Það var lagið*, *Tónmennt 1.* hefti, *Karnival dýranna* eftir Camille Saint-Saëns.

### Leiðir

Unnin verða hópverkefni sem kalla á sköpun og flutning tónlistar. Hlustað verður á

tónlist og dansað, ýmis hlustunarverkefni verða lögð fyrir nemendur. Nemendur leika á skólahljóðfæri í hópum. Nemendur þjálfast í söng og ná að kynna möguleikum raddarinnar í gegnum „kall og svar“ með kennara. Nemendur læra söngva eftir heyrn og táknum.

## **Textílmennt**

### **Markmið**

Að nemendur

- þjálfist í að klippa og vinni með eigin teikningu og hugmyndaflug
- þjálfist í að vinna með form og lit í tengslum við textílverkefni
- þræði grófa nál
- noti þræðispor
- þjálfist í auðveldum vefnaði
- vinni með ull, t.d í þæfingu, og þekki uppruna hennar

### **Námsmat**

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni.

### **Efnisþættir**

- Myndsköpun
- klipp
- einfaldur útsaumur
- einfaldur vefnaður
- þrykk
- þæfing.

### **Námsgögn**

Garn, ull, efni, pappír, penslar, litir, tölur, perlur, nálar og fleira.

### **Leiðir**

Einstaklingskennsla og verkleg vinna.

## **Trúarbragðafræði**

### **Meginmarkmið**

- að efla siðferðislegan og félagslegan þroska nemenda með því að þeir temji sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, sáttfýsi og félagslegu réttlæti.
- að nemendur temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífskoðana.

### **Námsmat**

Áhugi, virkni og vinnubrögð nemenda metin.

## **Markmið**

Að nemendur

- kynnist kristinni sköpunartrú og skoði sjálfa sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar.
- fáist við viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning.

## **Efnisþættir**

- Sögur úr Biblíunni
- uppbygging sjálfsaga.

## **Námsefni**

*Stjarnan, Jól og páskar, Barnabiblían, Uppeldi til ábyrgðar.*

## **Leiðir**

Lestur og umræður, hópvinna, einstaklingsvinna, heimsókn í Bústaðakirkju

# **Umhverfismennt**

## **Meginmarkmið**

Lögð er áhersla á að nemendur læri að upplifa náttúruna og umhverfi sitt á jákvæðan hátt og að þeir verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft. Umhverfismennt er daglegur þáttur í starfi skólans og viðfangsefni sótt í nánasta umhverfi. Nemendur læra að taka afstöðu og tileinka sér ábyrg sjónarmið og rétta umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.

## **Markmið**

Að nemendur

- fái daglega fræðslu um góða umgengni
- flokki sorp og endurvinni
- beri virðingu fyrir náttúru og umhverfi
- fari í vettvangsferðir
- skoði lífríkið í nánasta umhverfi.

## **Námsmat**

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

## **Námsefni**

*Komdu og skoðaðu umhverfið, veðurathuganir, veraldarvefurinn og verkefni sem kennari útbýr.*

## Leiðir

Umræður, vettvangsferðir, athuganir, tilraunir, útikennsla, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega.

## Útikennsla

### Meginmarkmið

Að nemendur læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni, þekki, skilji og skynji raunveruleikann í náttúrunni og tengi við almennt nám, efla þekkingu sína, þjálfu samvinnu, geri rannsóknir og afli gagna á vettvangi.

### Markmið

Að nemendur

- læri að útbúa sig við hæfi miðað við veður og árstíma
- læri reglur um útikennslu
- læri að vera saman í mismunandi stórum hópum og bera ábyrgð á sjálfum sér og hópnum í heild
- safni efnivið í náttúrunni, flokki og geri ýmiss konar rannsóknir
- geri veðurathuganir og skrái niðurstöður
- skoði nánasta umhverfi skólans – geri athuganir
- beri virðingu fyrir lífríkinu, klippi sýnishorn en rífi ekki upp með rótum
- auki líkamlegt þol og þrek.

### Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

### Námsefni

*Skólabókin mín, Komdu og skoðaðu umhverfið ásamt fjölbreyttu námsefni og verkefnum.*

## Leiðir

Umræður, vettvangsferðir, athuganir, tilraunir, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega, hlusta, upplifa og njóta. Nemendur fara í alls konar leiki. Skólalóð er hreinsuð að hausti og vori. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

## Hönnun og smíði

### Markmið

Að nemendur

- þekki og tileinki sér þær öryggisreglur sem gilda í smíðastofunni

- læri að þekkja og nota grunnverkfærin og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- velti fyrir sér gildi hönnunar í daglegu lífi

Áhersla er lögð á frumkvæði og sköpun með því að nemendur

- leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum
- læri að nota ólík efni og áhöld og vinna sjálfstætt
- geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum.

## **Leiðir**

Unnið er með ólík efni við að hanna og skapa leikföng og eða nytjahluti þar sem reynir á þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

## **Námsmat**

Símat: felur í sér að kennari metur einu sinni á önn fjóra þætti í verklagi nemanda:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

# **Upplýsinga- og tæknimennt**

## **Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi**

### **Meginmarkmið í 1.-4. bekk**

- að gera nemendur eins vel læsa í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar
- að líta á upplýsinga- og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða –greinar.

## **Námsmat**

Umsögn byggð á símati er gefin í lok annar.

## **Tæknilæsi**

### **Markmið**

Að nemandi

- komi reglulega í tölvustofu skólans og noti þar tölvur og önnur jaðartæki sem við þær eru tengd
- temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum og tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar

- geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru
- geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum
- geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu
- hafi lært staðsetningu stafa og talna á lyklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði
- geti notað kennsluforrit sem hafa þessum aldurshópi
- geti notað teikniforrit.

### **Leiðir**

Nemendur vinna í tölvuveri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

### **Upplýsinga- og menningarläsi**

#### **Markmið**

Að nemendur

- komi reglulega á skólasafnið og viti hvar það er í skólanum
- læri meðferð bóka og annarra gagna
- geti fundið bækur og önnur gögn sem ætluð eru yngstu notendum safnsins
- fái lánuð gögn og kynnist útlánakerfi safnsins
- skoði fræðibækur og skáldrit
- hlýði á tölu/upplestur um tiltekið efni og taki þátt í umræðum um það
- geti hlustað, einbeitt sér og rakið efni sögu í stórum dráttum
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni, s.s. bangsadegi og fleiri tilfallandi upptökum.

### **Leiðir**

Nemendur í 1. bekk hafa ekki fastan safnkennslutíma í stundatöflu. Þeir nýta sér safnkost safnsins, bæði til yndislestrar og upplýsingaleitar við verkefnavinnu. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og sjá umsjónarkennarar um sögustund.